

Minjaráðsfundur f. Norðurland vestra á Hvammstanga.

Þann 16. desember 2016.

Mætt voru: Þór Hjaltalín, minjavörður, Guðný Hrund Karlsdóttir og Gunnsteinn Björnsson, fulltrúar SSNV, Guðmundur Lúther Hafsteinsson og Sigríður Sigurðardóttir, fulltrúar Þjóðminjasafns, Laufey Haraldsdóttir og Ingibergur Guðmundsson, fulltrúar Minjastofnunar og Guðmundur St. Sigurðarson, starfsmaður Minjastofnunar.

Fundur hófst kl. 11.

Dagskrá fundar.

1. Fundarefni kynnt.
2. Kynnt verkefnið **Strandminjar í hættu**.
3. Kynnt landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
4. **Skálinn í Glaumbæjartúni**.
5. Önnur mál: a) Verndarsvæði í byggð, b) bæklingur um minjaráð.

1 Þór Hjaltalín, minjavörður, setti fundinn, kynnti fundarefni, fór yfir ýmis praktísk mál, bauð nýjan fulltrúa, Laufeyju Haraldsdóttur, velkomna í ráðið og tilnefndi Sigríði Sigurðardóttur ritara fundarins. Laufey tekur sæti Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur. Þór stakk upp á að fjölga fundurm minjaráðs. Þór minntist stuttlega á þau verkefni á Norðvesturlandi sem fengu styrk til mats og áætlunar sem verndarsvæði í byggð og eru í vinnslu. Þau voru Borðeyri, gamli bærin á Blönduósi, gamli bæjarkjarninn á Sauðárkróki og Hofsóskvosin.

2 Guðmundur St. Sigurðarson, fornleifafræðingur hjá MÍ kynnti strandminjaverkefnið, **Strandminjar í hættu**, sem hann vinnur nú að. Um allt land eru fornleifar, sem tengjast sjósókn fyrir á öldum, að skola á haf út. Guðmundur fór yfir stöðuna. Strandlengjan er ýmist að rísa eða síga. Hvort tveggja er slæmt fyrir minjarnar. Veðurfar er að breytast, dýpri lægðir ganga yfir landið með miklum brimsköflum og mun minni hafís er en áður. Helstu verstöðvar landsins frá fornu fari eru á annesjum, þaðan sem styst var á miðin. Margar hverjar eru nú í mikilli hættu. Heildarskráning hefur verið gerð á strandlengjunni í Skagafirði. Fá önnur svæði eru fullskráð. Guðmundur telur að um 40% strandminja séu í fyrirsjáanlegri mikilli hættu og aðeins 20% öruggar. Ýmsar upplýsingar eru notaðar til skrásetningar og staðsetninga verstöðva, s.s. Verstöðvatal Lúðvíks Jósepssonar, sem miðast við 18.-19. öld. Rannsóknir hafa hingað til sjaldan beinst að sjótengdum minjum. Tvær fullnaðarrannsóknir hafa farið fram, á Kolkuósi og á Gufuskálum. Þær gefa ómetanlegar upplýsingar um fornar hafnir, umfang inn- og útflutnings, aðstöðu, o.fl.

Skilgreina þarf hættusvæði og meta gildi minja sem þar eru, aldur, eðli, umfang og mögulega varðveislu. Til skoðunar hafa verið valdir nokkrir staðir: ströndin frá Hrafseyri við Arnarfjörð að Þingeyri við Dýrafjörð, strandlengja Snæfellsness frá Arnarstapa til Hellisands og vestanvert Reykjanes. Unnið hefur verið að þróun APPS í síma þar sem almenningur getur tekið þátt og skráð minjar, staðsett þær með GPS og lýst þeim og sent Minjastofnun. APPIÐ var unnið af nemendum í HR en Minjastofnun ætlar að fjármagna útgáfu þess. APP þetta er unnið að skoskri fyrirmynd. Guðmundur brá upp mynd frá Brunnaverstöð í Látravík þar sem heimamenn hafa verndað strandminjar með lágum grjóttgarði, sem dæmi um lausn til fyrirbyggjandi varðveislu.

3 Þór Hjaltalín, minjavörður, kynnti **Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum** (nr. 20/2016), sjá:

<http://www.althingi.is/altext/145/s/1051.html>. Stefnt er að því að setja mikla fjármuni í uppbyggingu innviða á vinsælum ferðamannastöðum. Mikilvægt væri að sækja fram og setja á blað hvaða staði Minjaráð vill leggja áherslu á norðvestanlands. Ef allt gengur eftir verður gerða 12 ára innviðaáætlun með 3 ára framkvæmdaáætlun hverju sinni. Sérstaklega verða skoðaðar mögulegar ferðamannaleiðir og vinsælir ferðamannastaðir. Sett hefur verið á fót nefnd ráðgjafa sem í eru fulltrúar ráðuneyta og stofnana. Sú nefnd á að vinna áætlanagerðina og forgangsraða í samvinnu við heimamenn. Ábendingar um staði/svæði áttu að vera komnar fram í des. 2016, fyrir ráðagerðir og framkvæmdir 2017, en ekkert hefur verið unnið í því enda hvorki búið að samþykkja fjárlög né setja á fót nýja ríkisstjórn.

Á þessu ári hefur Minjavörður Norðurlands vestra látið vinna skipulag fyrir Borgarvirki og Hegranesþingstað. Einnig hefur umhverfisáætlun verið gerð fyrir Örlýgsstaði, í samvinnu við landeigendur, og staðarkort unnið fyrir Vatnsdal og Þing þar sem merkir sögu- og minjastaðir eru merktir inn á kortið, eins og t.d. Þrístapar, Gullsteinn, Þingeyrar og friðlýstir sögu- og minjastaðir sem tengjast Vatnsdælasögu. Kortið verður sett upp í Ólafslundi. Menn velta nú vöngum yfir hvort friðlýsa eigi Þrístapa vegna sértakrar sögu þeirra.

Með hvaða stöðum, leiðum, svæðum ætti minjaráð að mæla með inn á 12 ára áætlun? Ættu það að vera ferðaleiðir eins og Heljardalsheiði og Hjaltadalsheiði, eða aðrar fornar leiðir um heiðar, dali og með strandlengjunni? Á að búa til slóðir milli merkilegra bygginga? Ferðamannasalernismál voru lítillega rædd í þessu samhengi, án niðurstöðu. Heimaverkefni minjaráðsfulltrúa er að skoða svæði, benda á stað/svæði/leiðir og setja á blað, leggja fram hugmyndir að útfærslum og mögulegri notkun. Velja 2-3 staði og senda þór fyrir áramót.

- 4 Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri Byggðasafn Skagfirðinga, kynnti rannsóknir á **skálanum í Glaumbæjartúni**. Hún fór yfir ferilinn frá því skálinn fannst árið 2002 til þess að búið var að mæla hann upp árið 2009. Viðbótarrannsóknir þarf til að komast að því hvaða byggingar eru byggðar við hann og hve langt áhrifasvæði hans er. Fundur skálans, sem er frá 10-11. öld, gefur safninu einstaka möguleika til framtíðar litið fái það leyfi til að nýta sér fundinn. Sigríður kynnti þá möguleika safnsins og hvernig hægt væri að varðveita staðarmyndina til framtíðar ef áhugi væri á því. Sú sýn byggist á því að staðurinn í heild sinni væri skilgreindur sem verndarsvæði í byggð og veltur á ákvörðunum margra, enda jörðin ríkisseign í notkun kirkju, Þjóðminjasafns og byggðasafns/sveitarfélags. Ákveðið var að minjavörður semdi tillögu um hvernig best væri að varðveita fornleifar í túninun og notkun svæðisins.
- 5 Önnur mál:
 - a. **Verndarsvæði í byggð**. Málinu var frestað til næsta fundar.
 - b. **Bæklingur um minjaráð**. Málinu var frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 15.00.

Að loknum fundi var farið að Syðri-Karástöðum að skoða framhús sem þar stendur enn. Benjamín Kristinsson, safnvörður hjá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna, sýndi húsið.